

Hringvegurinn – Áhugaverðir staðir

Verkefnið miðar að því að safna saman upplýsingum um þá staði, á **Hringvegi 1**, þar sem fólk, þó einkum erlendir ferðamenn, stöðva á vegi eða í veggkanti til að taka myndir með tilheyrandi slyshættu.

Innan ferðabjónustunnar er mönnum tíðrætt um þessi svokölluðu „photostop“ erlendra ferðamanna og þá hættu sem af þeim stafar. Nokkuð öruggt er að flestir hafa orðið varir við fyrirbærið á undanförunum árum enda erlendur ferðamönnum á bílaleigubílum fjölgað mikið á landinu.

Rætt hefur verið við starfsmenn í þjónustu og rekstri Vegagerðarinnar og upp í huga flestra hafa komið komu staðir sem þeir hafa áhyggjur af.

Einnig hefur verið rætt við aðila í ferðabjónustu, með hóp bifreiðar og áætlaniferðir, og þeir hafa ekki heldur farið varhluta af þessu vandamáli og hafa af þessu þungar áhyggjur. Því er nauðsynlegt að kortleggja þessa staði til að hafa einhverja hugmynd um hvar þá er helst að finna.

Stór hluti ferðamanna stoppar tilviljanakennt á þjóðveginum til að taka mynd af blómi, fugli, birtunni, hreindýri, folöldum og o.frv. Engu að síður eru þó staðir á Hringvegi þar sem vinsælla er að stoppa en annars staðar og það er þeir staðir sem stefnt er að að skrá og kortleggja.

Verkefnið er enn í vinnslu en miðað er við að niðurstaða þess geti veitt upplýsingar um staði þar sem slyshætta getur skyndilega aukist verulega vegna þessa athæfis og þannig veitt Vegagerðinni sýn á til hvaða aðgerða í umferðaröryggismálum þurfi að grípa til á viðkomandi stað, s.s. bygging útskota, áningarstaða eða breikkun vega.